

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni, 2. áfangi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 9. júlí 2009 nýtt deiliskipulag iðnaðarsvæðis í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Skipulagið er í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025. Svæðið er nýbyggingarsvæði, um 30,1 ha að stærð og afmarkast af fyrirhugaðri Reykjanesbraut í nýrri legu sunnan megin, lóð álversins í Straumsvík norðan megin, golfvellingnum á Hvaleyri austan megin og landi Straums vestan megin. Skipulagið sýnir 27 atvinnulóðir og er svæðinu skipt eftir eðli og umhverfisáhrifum starfsemi í samræmi við reglur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Tenging svæðisins er um mismög gatnamót austan og vestan þess eftir færslu Reykjanesbrautar, en til bráðabirgða um Koparhelli þar til Reykjanesbraut verður færð í fyrirhugaða legu.

Farið var með deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Breytingin var yfirfarin af Skipulagsstofnun, sem gerði athugasemd við birtingu auglýsingar um skipulagið í B-deild Stjórnartíðinda, þar sem sýnd væri tenging við svæðið um Koparhelli undir Reykjanesbraut, sem samræmdist ekki aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Tengingin hefur verið lagfærð og er sýnd sem bráðabirgðatenging sbr. ofangreint.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 12. ágúst 2009,

Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. ágúst 2009